

## Yfirlit ársins 2013

### Rannsóknarnefnd sangönguslysa (RNSA), yfirlit ársins 2013

#### Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) stofnuð 1. júní 2013

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögnum er starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Löginn tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólsys).

Í lögnum er meðal annars að finna þrjá mismunandi kafla um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum). Rannsóknum er þannig skipt í einstaka flokka sbr. 4.gr. laganna.

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguavtika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna. Er hún sambærileg grein sama efnis og í gildandi lögum um rannsóknir flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa nema orðalagi er breytt þar sem hún nær yfir öll slys í samgöngum.

#### Yfirlit ársins 2013

Á árinu 2013 voru haldnir sjö fundir samtals, fjórir hjá RNS og þrír hjá RNSA. Á árinu voru 129 lokaskýrslur afgreiddar. Einnig voru 12 mál afgreidd sem drög og send aðilum þeirra til umsagnar. Afgreiðslu sex mála var frestað. Um áramót átti nefndin eftir að taka fyrir 70 mál frá árinu 2013. Lokaskýrslur sem var skilað með nefndarálti voru 52. Gerðar voru fjórar tillögur í öryggisátt og jafn margar sérstakar ábendingar í málum sem afgreidd voru.

Tilkynnt og skráð mál hjá RNS og RNSA voru samtals 170 en voru 137 á árinu 2012. Á töflunni hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin níu ár. Einnig má sjá á töflunni meðaltal áranna á undan þ.e.a.s. frá 2004 til 2012.

Eðli mála	Yfirlit um mál til RNS frá 2004 - 2013										Meðaltal 2004-2012
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
Skip sekkur	16	7	4	6	8	8	6	2	4	6	7
Skip strandar/tekur niðri	16	16	21	21	16	11	8	15	14	11	15
Árekstur/ásigling	3	9	12	4	13	5	6	10	4	5	7
Eldur um borð	5	10	5	7	7	8	7	4	9	7	7
Leki að skipi	10	7	7	3	4	3	5	7	7	6	6
Slys á fólk	89	88	83	49	64	55	61	69	48	53	67
Banaslys	3	3	4	5	0	1	1	0	4	2	2
Banaslys við köfun						1	1	0	1	0	1
Önnur köfunaravtik				1			1	0	2	1	1
Skip dreginn til hafnar	9	9	15	57	40	49	51	41	35	66	34
Annað	0	19	21	21	20	10	12	6	9	13	13
<b>Skráð mál</b>	<b>151</b>	<b>168</b>	<b>172</b>	<b>171</b>	<b>172</b>	<b>151</b>	<b>159</b>	<b>154</b>	<b>137</b>	<b>170</b>	<b>162</b>

Eins og fram kemur í töflunni eru nokkrar breytingar á milli áranna 2012 og 2013.

#### Banaslys

Tvö banaslys hafa verið skráð hjá RNSA á árinu. Skipverji á Skinney SF 20 féll útþyrðis þann 25. júlí þegar skipið var á togveiðum um 30 sml SV af Reykjanesi.

Maður á kajak í Herdísarvík lést þann 21. mars, ástæða ekki ljós en hann var einn á ferð.

## Slys á fólkí

Skráð slys á sjómönum hjá RNSA á árinu eru 53 sem er um 21% undir meðaltali áranna 2004-2012. Á síðasta ári voru skráð slys á sjómönum 48 og því um aukningu að ræða á milli ára. Algengustu slysin voru fallslys að ýmsum toga eða um 40%, um 21% þegar menn verða á milli og klemmast, 8% við vindur og 9% eru skurðir eða stungur.

Slys á sjómönum skiptust eftir eftirfarandi tegundum skipa.

Tegund skips	Fjöldi
Slys á bátum undir 20 BT	6
Slys á farþegaskipum	4
Slys á flutningaskipum	10
Slys á neta, skel og línubátum	11
Slys á nótaveiðiskipum	5
Slys á rannsóknarskipum	2
Slys á skemmtibátum	1
Slys á togveiðiskipum	14

## Skip

Fjöldi skipa sem sökkva eru skráð sex en þar af sökk einn bátur tvisvar, fyrra skiptið í höfn og síðan í drætti á milli hafna. Tveir bátar sukku vegna elds um borð. Atvikum þegar skip stranda eða taka niðri fækkar og eru talsvert undir meðaltali. Árekstrar eru einum fleiri en árið á undan og undir meðaltali. Atvik um eld um borð fækkar og leka einnig.

Mikil fjölgun er á skráðum atvikum þegar bátur eða skip voru dregin til hafnar vélarvana af ýmsum ástæðum og þau nú orðin 66 miðað við 35 allt árið í fyrra. Í 36 þessara tilvika var um strandveiðibáta að ræða. *RNSA hefur fylgst náið með þessum atvikum og mun gera það áfram vegna þess lærdóms sem sannarlega má af þeim draga.*

Undir liðnum Annað eru skráð þau mál sem ekki falla undir flokkun í þessari töflu og má þar nefna atvik þegar skip fengu í skrúfuna, bilanir í búnaði, skemmdir vegna veðurs, farmskemmdir o.fl.

## Tillögur í öryggisátt:

Eins og áður segir gerði RNS fjórar tillögur í öryggisátt á árinu til Siglingastofnunar Íslands og síðan Samgöngustofu. Tillögurnar voru eftirfarandi ásamt málanúmeri:

### Mál nr. 10812 Steinunn HF 108, fær á sig brotsjó

*Nefndin beinir því til Siglingastofnunar Íslands að gerð verði rannsókn á eiginleikum báta með sama byggingarlagi og Steinunn HF og niðurstaða hennar borin saman við sambærilega báta, dekkaða og/eða full-yfirbyggða.*

*Það hefur viðgengist að hafa skýlispil öðrum megin á bátum en þessi bil voru upphaflega stutt framlenging af yfirbyggjum þeirra. Það er mat nefndarinnar að slík bil eftir endilöngu skipi hljóti að hafa áhrif á stöðugleika verði þau fyrir áföllum.*

## **Mál nr. 13112 Þórunn Sveinsdóttir VE 401, bilun í búnaði við trolltöku**

Nefndin bendir á þá miklu hættu sem getur skapast þegar spilbúnaður togveiðiskipa fer í læsta stöðu við straumrof. Nefndin telur mikilvægt að neyðarlosun sé á bremsum togvinda.

## **Mál nr. 00213 Ronja SH 53, skipverji flækist í veiðarfærum og fer útbyrðis**

Nefndin vill beina þeim tilmælum til stjórnvalda að settar verði reglur sem kveða á um að þeir sjómenn sem vinna úti á þilfari séu ávallt búin björgunarvestum við störf sín.

## **Mál nr. 01313 Ronja SH 53, skipverji flækist í veiðarfærum og fer útbyrðis**

Nefndin beinir því til Samgöngustofu að settar verði skýrar reglur um reglulegt eftirlit og álagsprófanir á öllum hífibúnaði fiskiskipa.

### **Sérstakar almennar ábendingar:**

Eins og áður hefur komið fram gerði nefndin fjórar sérstakar almennar ábendingar til sjó- og skipstjórnarmanna. Þessar ábendingar eru eftirfarandi ásamt viðeigandi málanúmerum:

## **Mál nr. 09812 Sóley SH 124, skipverji slasast á höfði**

Nefndin hvetur skipstjórnarmenn til að fara að reglum um áhættumat þegar breytingar eru gerðar á vinnuumhverfi.

## **Mál nr. 12012 Heimaey VE 1, efnaslys, skipverji verður fyrir Ozoneitrun**

Nefndin bendir á að í VI. kafla reglugerðar 122/2004 um öryggi fiskiskipa segir í 13. reglu fyrsta lið: „Um borð skal vera vinnuöryggisbúnaður, svo sem hanskar, hlífðargleraugu, heyrnahlífar, öndunargrímur, öryggishálmar, öryggisskór og gas- og súrefnismælar til að koma í veg fyrir meiðsli eða veikindi starfsmanna.“ Skipið átti því að vera búið gas- og súrefnismæli.

## **Mál nr. 12612 Jónína Brynja ÍS 55, stjórnandi sofnar og strandar á Straumnesi**

Nefndir beinir því til sjómanna að nota bann öryggisbúnað sem er um borð.

## **Mál nr. 02013 Ronja SH 53, skipverji flækist í veiðarfærum og fer útbyrðis**

Nefndin bendir skipstjórnarmönnum skipa sem búin eru ferðaritum (VDR) á skyldur þeirra til að varðveita upptökur í kjölfar atvika.

### **Tilkynnt slys á sjómönum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ)**

Samkvæmt upplýsingum SÍ voru 229 tilkynnt slys á sjómönum á árinu 2013 en voru 249 á árinu á undan sem þýðir um 9% fækkun skráðra slysa á milli ára.

Skráð slys á sjómönum hjá SÍ og RNS  
2004 - 2013



Þróun í þessum efnum hefur verið jákvæð undanfarin ár en frá árinu 2000, þegar ný lög og nýjar áherslur urðu til við rannsóknir á sjóslysum, hefur tilkynntum slysum fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynntra slysa á sjómönum til SÍ frá árinu 2000 – 2012 eru um 321 og eru slys á árinu 2013 talsvert undir því meðaltali.

Tilkynnt slys á sjómönum frá árinu 2000 – 2013 til Tryggingastofnunar Íslands, síðan Sjúkratrygginga Íslands eru samtals 4.400.


RNSA hefur ástæðu til að nefna að margar útgerðir í landinu hafa tileinkað sér og innleitt öryggiskerfi um borð í skipum sínum sem hafa borið mikinn árangur. Ekki má gleyma árangri Slysavarnaskóla sjómanna í öryggismálum um borð í skipum.

Rannsökuð slys á sjómönum hjá RNSA á árinu er hlutfallslega um 23% en var um 19% á árinu áður. Meðaltal rannsakaðra slysa á sjómönum frá því að ný lög tóku gildi árið 2000 til-loka árs 2013 er um 22%. Rannsökuð slys á sjómönum hjá RNS, síðan RNSA, eru á þessu tímabili 974 talsins.

## Tilkynningar á atvikum til RNS

RNS hefur á undanförnum árum tekið saman hvernig skipting tilkynninga á atvikum sem koma til umfjöllunar hjá RNS frá árinu 2005. Á myndinni hér að neðan sést hvernig þetta skiptist á milli aðila.

## Tilkynningar til RNS



Hlutfall upplýsinga um atvik sem fengnar eru úr fjölmíðum er um 18% en var um 35% á árinu 2012. Tilkynningar hjá aðilum sem tengjast sjávarútvegnum þ.e.a.s. útgerðum, skipstjórum og slösuðum er um 21% en voru um 26% á árinu á undan.

Um 10% kom frá lögregluembættum landsins en voru 19% á árinu áður og Vaktstöð siglinga er með um 48% tilkynninga en var um 15% á síðasta ári. Þessa aukningu má rekja til vélavandræða minni báta, flest varðandi strandveiðar.

**Nefndin hvetur sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til RNS. Þó atvik séu í huga manna lítilfjörleg og telji það ekki tilefni til séstakrar rannsóknar þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttunni við að auka öryggi á sjó.**

## **Prentuð skýrsla RNS**

Á árinu 2013 var gefin út prentuð skýrsla RNS fyrir árið 2011 og var hún í sama broti og síðastliðin ár. Á árinu 2014 er í ráði að gefa út skýrslu RNS fyrir 2012 með sama hætti og áður en síðan verður breyting á árskýrslum nefndarinnar sbr. 36. grein laga um rannsóknir samgönguslysa nr. 18/2013.

*Hægt er að nálgast áður útgefnar prentaðar skýrslur á PDF formi á vef RNS ásamt öllum lokaskýrslum og tilkynntra atvika til nefndarinnar sem birtast þar strax við skráningu mála. Einnig er hægt að hafa samband við RNS og fá útgefnar skýrslur sendar að kostnaðarlausu.*

## **Erlent starf**

Rannsóknarstjóri sótti námskeið í Englandi um rannsóknir sjóslysa hjá Cranfield University. Námskeiðið var daganna 1.-17. júlí og var farið í gegnum ýmsa tækni, gagnasöfnun, skýrslutökur, skýrslugerð o.s.fr.v. Sett var upp verklegt námskeið þ.e.a.s. sjóslys við raunverulegar aðstæður um borð í ferju sem sigldi á milli Southampton og Isle of White. Einnig var farið í Alþjóða siglingamálstofnunina (IMO) þar sem starfsemi hennar kynnt.

## **Vefur RNS**

Eftir að vefur RNS var opnaður þann 23. september 2004 hafa heimsóknir á hann aukist jafnt og þétt. Vinnu við vefinn er því miður enn ekki lokið og tengist það helst frágangi á flokkunarkerfi hans auk ýmissa annarra þátta sem lagt var af stað með í upphafi. Stefnt hefur verið að því að ljúka þessari vinnu undanfarin ár en það hefur því miður ekki tekist enn.